



6. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 26. október 2016

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Einar Grétarsson (EG), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), Krístrún Kristjánsdóttir (KK) og Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM).

Auk þeirra sat Kjartan Þór Reinholdsson framkvæmdastjóri fundinn.

Geirarður Long (GL) boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Hjóladeild

Forsvarsmenn hjólaáhugamanna með kynningu. Stór hópur að æfa og langar þeim að bjóða upp á æfingaraðstöðu. Langt er í næsta æfingaráróp og vilja þau einnig geta keppt fyrir hönd félagsins. Afturelding þyrfti að bjóða upp á vinnuaðstöðu yfir vetrartímann.

Aðalstjórn er jákvæð fyrir erindinu. Ákveðið að skoða hvaða leiðir eru færar svo æfingar geti hafist eftir áramót.

2. Nýr framkvæmdarstjóri

Kjartan Þór Reinholdsson hefur verið ráðinn framkvæmastjóri, tímabundið. Kjartan kynnti sig.

Rætt voru almenn skrifstofumál og opnunartíma skrifstofunnar, verið að skoða að breyta opnunartímanum til að skapa betri vinnufrið fyrir starfsfólk, en þá verði í staðinn boðið upp á símatíma.

3. Stefnumótun félagsins

Stefnumótun félagsins rann út 2015. Hugmyndir eru uppi að stjórnir deilda og þjálfarar komi að borði til að móta stefnumótun félagsins til næstu fimm ára. Stefnt er að stefnumótunarfundi í janúar.

4. Deildarfundir

Aðalstjórn ætlar að hitta allar deildirnar á næstunni. Deildum verður raðað upp og fá fundarboð. Tveir dagar teknir í þetta.

5. Formannafundur

Verður boðaður 9.nóv. Dagskrá undirbúin.

6. Greiðslur fyrir sjúkrakostnað

Sjúkrakostnaður vegna meistaraflokka til umræðu. ÍsÍ endurgreiðir stóran hluta af kostnaðinum eða um 80%. Rætt verður um þetta nánar á formannafundum um breytt verklag vegna endurgreiðslunnar.

7. Erindi

Björg Jónsdóttir kynnti samtökin Erindi en samtökin bjóða upp á ráðgjöf vegna samskiptavanda. Þjónusta þau bæði einstaklinga (foreldra og börn) og skóla. Þau vilja gera þjónustusamning við íþróttafélag sem geta leita til þeirra ef koma upp vandamál. Einfaldur samningur, bjóða upp á 5 tíma ókeypis ráðgjöf og þurfi frekari aðstoð yrði boðinn afsláttur af þeirri þjónustu. Erindi mun einu sinni á önn bjóða upp á námskeið fyrir þjálfara. Ef af samningnum yrði þá þyrfti íþróttafélagið ætti að kynna þetta fyrir foreldrum og forráðamönnum og setja inn upplýsingar á heimasíðuna.

Fundi slitið kl 20.25
Kristrún Kristjánsdóttir
(sign).